



Samþykktir SHA

2026-2027

I. Kafli – Félagið og félagsaðild	2
II. Kafli – Stúdentaráð	4
III. Kafli – Framkvæmdastjórn	6
IV. Kafli – Réttindaskrifstofa SHA	9
V. Kafli – Aðalfundur	9
VI. Kafli – Kosningar til trúnaðarstarfa	11
VII. Kafli – Félagsfundir	13
VIII. Kafli – Aðildarfélög	14
IX. Kafli – Nefndir Stúdentafélags Háskólans á Akureyri	16
X. Kafli – Ýmis ákvæði	19

I. Kafli – Félagið og félagsaðild

1. Nafn og aðsetur

Félagið heitir Stúdentafélag Háskólans á Akureyri (e. Student Union of the University of Akureyri), hér eftir "SHA". Félagið hefur kennitöluna 420888-2799 og er aðsetur þess og varnarþing á Akureyri.

2. Tilgangur félagsins

Tilgangur félagsins er að:

- a. Standa vörð um hagsmuni stúdenta við Háskólann á Akureyri, vera málsvari þeirra, innan háskólans sem utan og skipa fulltrúa stúdenta þegar við á.
- b. Halda úti réttindaskrifstofu stúdenta við Háskólann á Akureyri.
- c. Starfrækja miðla, aðildarfélög og fastanefndir SHA.
- d. Stuðla að tengslum stúdenta og öflugum félags- og menningarstarfi með viðburðum, fræðslu og sértækum verkefnum.
- e. Styðja við og taka þátt í stúdentahreyfingum innan lands sem utan í gegnum samstarf við önnur félög stúdenta, alþjóðastarf og virka þátttöku í Landssamtökum Íslenskra stúdenta (LÍS).
- f. Halda úti eðlilegri fjáröflun til þess að standa undir rekstri og starfsemi félagsins sem jafnframt stundar ekki atvinnustarfsemi í hagnaðarskyni.

Stúdentaráði SHA er heimilt að gera félagið að aðila að samstarfs- eða regnhlífarsamtökum stúdenta svo framarlega sem slíkt framselji ekki sjálfsákvörðunarrétt félagsins.

SHA er aðili að Landssamtökum Íslenskra stúdenta (LÍS).

3. Félagsaðild

Allir stúdentar sem greitt hafa skrásetningargjald hvers árs við Háskólann á Akureyri teljast fullgildir félagar SHA.

Aðilum sem ekki greiða skrásetningargjald en eru stúdentar við Háskólann á Akureyri er heimilt að greiða félagsgjald, ákvarðað af stúdentaráði ár hvert, til SHA og teljast þá fullgilt félagsfólk.

Fyrrum stúdentum Háskólans á Akureyri er heimilt að greiða félagsgjald til SHA og vera þar með fullgildir félagar í allt að 1 ár eftir að þeir stunduðu síðast nám við skólann.

Hver félagi getur skráð sig úr félaginu hvenær sem er með sannanlegri tilkynningu til framkvæmdastjórnar en þegar greidd félagsgjöld til SHA fást þó hvorki endurgreidd í heild né að hluta.

Viðburðir SHA eiga að vera öruggir fyrir öll er þá sækja og allt félagsfólk á að upplifa sig öruggt og tryggt í tengslum við þá. Í SHA og aðildarfélögum þess er ekkert umburðarlyndi fyrir hvers konar ofbeldi eða áreitni, sexisma, hómófóbíu, transfóbíu, hinsegin fóbíu, abelisma, líkamssmánun eða annars konar óviðeigandi háttsemi sem er til þess fallin að valda vanlíðan eða skapa ótta annars félagsfólks. Með því að mæta á viðburði SHA og/eða aðildarféлага heimilar félagi stúdentaráði að takmarka rétt hans til þátttöku á viðburðum gerist félagi uppvís um háttsemi sem brýtur gegn ákvæði þessu.

Tillaga að tilhögun slíkrar takmörkunar aðgangis einstaklings skal lögð fram af framkvæmdastjórn og um hana skal kosið af stúdentaráði í hefðbundinni kosningu. Gæta skal meðalhófs við slíka takmörkun og skal hún ekki vara lengur en 3 mánuði. Verði aðili uppvís að slíkri háttsemi í annað sinn er stúdentaráði heimilt að meina viðkomandi aðgang að viðburðum félagsins og aðildarféлага þess út starfsár ráðsins.

Um vísan mála til fagráðs og/eða rektors fer eftir gildandi verklagsreglum félagsins.

4. Trúnaður

Allir fulltrúar sem sinna embættum og trúnaðarstörfum fyrir félagið skulu gæta fyllsta trúnaðar gagnvart félaginu varðandi allar þær upplýsingar er lúta að starfsemi, málum einstakra stúdenta eða starfsfólks, skuldbindingum, rekstri o.s.frv. sem þeir kunna að verða áskynja við störf sín fyrir félagið. Allir nýir fulltrúar stúdenta skulu skrifa undir trúnaðar- og þagnarskylduyfirlýsingu á fyrsta fundi þeirra.

5. Fjárhagur félagsins

Reikningsár Stúdentafélags Háskólans á Akureyri er á milli aðalfunda.

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á daglegum rekstri og bókhaldi félagsins. Forseti og rekstrarstjóri fara saman með prókúru félagsins.

Skoðunarmanni reikninga ber að yfirfara bókhald og ársreikninga félagsins og, telji hann þess þörf, ráðfæra sig við faglærðan bókara eða annan hæfan aðila utan félagsins á kostnað SHA.

Reikningar félagsins skulu ávallt vera aðgengilegir félagsfólki til skoðunar.

Afgangur af rekstri félagsins skal renna óskiptur til næsta starfsárs.

II. Kafli – Stúdentaráð

6. Skipan og kjörgengi

Stúdentaráð er málsvari stúdenta innan Háskólans á Akureyri og fer með æðsta vald SHA á milli aðalfunda í samræmi við samþykktir og verklagsreglur félagsins.

Stúdentaráð skal skipað framkvæmdastjórn, einum fulltrúa úr stjórn hvers aðildarfélags, gæðafulltrúa, jafnréttisfulltrúa og umhverfisfulltrúa.

Forseti SHA er formaður stúdentaráðs. Í fjarveru forseta skal framkvæmdastjórn kjósa úr sínum röðum tímabundinn staðgengil.

Allir félagar í SHA eru kjörgengir í embætti stúdentaráðs séu þeir færir og búnir til þeirra starfa og ábyrgðar sem þeim fylgja. Stúdentaráð fundar á Akureyri og skulu stúdentaráðsliðar alla jafna eiga heimangengt á réttindaskrifstofu.

7. Starfshættir stúdentaráðs

Starfstími stúdentaráðs markast við skiptafund sem haldinn skal fyrir 15. apríl hvers starfsárs. Skiptafundur skal teljast lokafundur fráfarandi stúdentaráðs og fyrsti fundur nýskipaðs stúdentaráðs.

Í byrjun starfsárs skal stúdentaráð setja sér, framkvæmdastjórn, aðildarfélögum, fulltrúum og fastanefndum verklagsreglur. Skulu þær liggja fyrir til umræðu á fyrsta fundi stúdentaráðs og til samþykktar ekki seinna en á þriðja fundi stúdentaráðs og ber forseti ábyrgð á að framfylgja því. Samþykktar verklagsreglur skulu auglýstar á heimasíðu félagsins.

Á fyrsta fundi stúdentaráðs skal taka fyrir starfsáætlun komandi starfsárs ásamt umræðu um rekstrar- og fjárhagsáætlun. Báðar áætlanir skulu tilbúnar og samþykktar ekki seinna en á þriðja fundi stúdentaráðs.

8. Fundir stúdentaráðs

Stúdentaráð fundar að jafnaði einu sinni í mánuði. Forseti SHA auglýsir fund með a.m.k. sjö daga fyrirvara og skal fundarlýsing fylgja fundardagskrá. Forseti boðar jafnframt skipaða fulltrúa stúdentaráðs á fund og ber ábyrgð á að þeim berist nauðsynleg fundargögn en forfallist fulltrúi stúdentaráðs skal hann sjálfur boða skipaðan varafulltrúa í sinn stað og ber þá ábyrgð á að framsenda fundargögn.

Til að fundur stúdentaráðs teljist ályktunarbær þarf meirihluti atkvæðisbærra fulltrúa að vera viðstaddur. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála. Fari fulltrúi í stúdentaráði fram á rafræna eða nafnlausu atkvæðagreiðslu á fundi skal forseti verða við því.

Forseta er heimilt að setja mál sem ekki hafa verið tekin fyrir á stúdentaráðsfundi í rafræna fjaratkvæðagreiðslu stúdentaráðs utan fundar ef þess er þörf.

Á fundum stúdentaráðs eiga setu-, áheyrnar- og tillögurétt allir fulltrúar stúdenta í nefndum, stjórnnum og ráðum á vegum Háskólans á Akureyri, sem og fulltrúar stúdenta í Landssamtökum íslenskra stúdenta. Stúdentaráði er heimilt að boða á sinn fund aðila sem ekki eiga sæti í ráðinu.

9. Fundargerðir

Á fundum stúdentaráðs skulu ritaðar fundargerðir. Skulu þær birtar á lokuðu Teams-svæði stúdentaráðs innan viku frá fundi og bornar upp til samþykktar.

Samþykktar fundargerðir skulu gerðar aðgengilegar á heimasíðu SHA innan viku.

10. Tillaga um vantraust

Almennu félagsfólki er heimilt að bera upp rökstudda tillögu um vantraust á meðlimi stúdentaráðs eða fulltrúa SHA í nefndum, stjórnnum og ráðum Háskólans á Akureyri.

Vantrauststillaga skal berast skriflega til framkvæmdastjórnar SHA eða stjórnar aðildarfélags sem skal veita tillöggunni milligöngu. Við móttöku vantrauststillögu skal forseti boða til opins fundar stúdentaráðs innan tveggja vikna.

Vantrauststillaga telst samþykkt ef hún hlýtur samþykki minnst 2/3 hluta fundarmanna á fundi stúdentaráðs.

Sé vantraust á meðlim framkvæmdastjórnar samþykkt skal viðkomandi segja stöðu sína lausa þá þegar og stúdentaráð boða til félagsfundar um kjör í laust embætti innan tveggja vikna frá samþykki vantrauststillögunnar. Sé vantraust á fulltrúa SHA í nefnd, stjórn eða ráði Háskólans á Akureyri samþykkt, ellegar segi fulltrúi sig frá trúnaðarstörfum, skal framkvæmdastjórn bera upp tillögu að nýjum fulltrúa á næsta fundi stúdentaráðs. Sé vantraust á fulltrúa aðildarfélags í stúdentaráði samþykkt skal aðildarfélag tilnefna nýjan fulltrúa fyrir næsta fund stúdentaráðs.

III. Kafli – Framkvæmdastjórn

11. Verksvið

Framkvæmdastjórn SHA starfar í umboði stúdentaráðs og fer með framkvæmdavald félagsins á milli stúdentaráðsfunda, daglega umsýslu þess ásamt rekstri réttindaskrifstofu.

12. Stöður framkvæmdastjórnar

Framkvæmdastjórn samanstendur af þeim embættum sem hér segir:

- a. **Forseti SHA** sem er ábyrgðaraðili og helsti málsvari félagsins. Forseti leiðir stúdentaráð, stýrir fundum félagsins og ber ábyrgð á að stefnu þess sé framfylgt í

samstarfi við aðra fulltrúa. Forseti kemur fram fyrir hönd SHA og stúdenta við Háskólann á Akureyri, hefur yfirsýn yfir starf félagsins og ber ábyrgð á samhæfingu hlutverka innan framkvæmdastjórnar. Forseti SHA er tengiliður félagsins við forseta og framkvæmdastjóra LÍS eftir því sem við á.

- b. **Hagsmunafulltrúi SHA** sem ber ábyrgð á réttindamálum og hagsmunagæslu stúdenta við Háskólann á Akureyri. Hlutverk hagsmunafulltrúa er að vinna að vernd og eflingu réttinda stúdenta, fylgja eftir málum sem varða námsaðstæður, gæði kennslu, velferð og jafnræði og veita stúdentum leiðsögn og stuðning í málum sem varða stöðu þeirra innan háskólans. Hagsmunafulltrúi er tengiliður SHA við jafnréttisfulltrúa LÍS eftir því sem við á.
- c. **Rekstrarstjóri SHA** sem ber ábyrgð á fjármálum og fjármögnun SHA. Rekstrarstjóri hefur umsjón með daglegum fjármálarekstri félagsins, fjárhagsáætlunum, bókhaldi og eftirfylgni með fjárhagslegum skuldbindingum í samræmi við ákvarðanir stúdentaráðs. Rekstrarstjóri vinnur að tekjuöflun, samstarfssamningum og sjálfbærri fjármögnun félagsins í samstarfi við fjármálastjóra aðildarféлага.
- d. **Viðburðastjóri SHA** sem ber ábyrgð á menningar- og félagslífi stúdenta innan SHA. Viðburðastjóri er formaður viðburðanefndar og leiðir skipulag, framkvæmd og þróun viðburða á vegum félagsins, þar á meðal stærri viðburða og reglulegs félagsstarfs. Viðburðastjóri ber ábyrgð á faglegri viðburðastjórnun, öryggi á viðburðum í samstarfi við aðra fulltrúa og að viðburðahald endurspegli gildi félagsins um aðgengi, fjölbreytni og þátttöku stúdenta.
- e. **Alþjóðafulltrúi SHA** sem er formaður alþjóðanefndar og ber ábyrgð á alþjóðlegu starfi SHA. Hlutverk alþjóðafulltrúa er að vinna að málefnum alþjóðlegra stúdenta, skiptinema og stúdenta með íslensku sem annað mál ásamt því að stuðla að jafnri þátttöku þeirra í háskólasamfélaginu. Alþjóðafulltrúi sinnir samskiptum við alþjóðaskrifstofu Háskólans á Akureyri, tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi á vegum stúdenta og vinnur að því að efla alþjóðleg tengsl SHA og samstarf við sambærileg félög erlendis. Alþjóðafulltrúi SHA er tengiliður félagsins við alþjóðafulltrúa LÍS eftir því sem við á.
- f. **Samskiptafulltrúi SHA** sem ber ábyrgð á innra starfi SHA ásamt því að taka við sem fulltrúi stúdenta í háskólaráði Háskólans á Akureyri við upphaf nýs starfsárs

háskólaráðs. Hlutverk samskiptafulltrúa er að tryggja skilvirkt upplýsingaflæði milli SHA, stúdenta og stjórnarsýslu háskólans og að sjónarmið stúdenta komi fram í stefnumótun og ákvarðanatöku háskólans. Samskiptafulltrúi hefur yfirsýn yfir innri samskipti félagsins, nefndarstörf og þátttöku stúdenta í stjórnarsýslu í samstarfi við aðra fulltrúa framkvæmdastjórnar. Samskiptafulltrúi SHA er tengiliður félagsins við gæðastjóra LÍS eftir því sem við á.

13. Skipan framkvæmdastjórnar, starfstími og umboð

Skipan framkvæmdastjórnar fer fram á aðalfundi félagsins og er starfstími hennar og umboð því á milli reglulegra aðalfunda. Fráfarandi framkvæmdastjórn skal þó starfa í ráðgefandi hlutverki fram að auglýstum skiptafundi stúdentaráða og skal hún þá setja nýkjörna framkvæmdastjórn inn í störf sín. Í því felst að ganga úr skugga um að ný framkvæmdastjórn hafi aðgang að öllum þeim gögnum og stafrænu aðgöngum sem starfinu fylgja og leiðbeina þeim um yfirstandandi verkefni.

Framkvæmdastjórn skal í byrjun starfsárs skipa ritara úr eigin röðum og ber hann ábyrgð á fundargerðum stúdentaráðs og skjalaumsjón félagsins. Framkvæmdastjórn ber einnig ábyrgð á kynningarstarfi SHA, skipan fulltrúa í fulltrúaráð LÍS og stjórn FÉSTA, ásamt samstarfi félagsins við verkefnastjóra námssamfélags við HA.

Framkvæmdastjórn er heimilt að stofna til óverulegra fjárhagslegra skuldbindinga fyrir hönd félagsins en allar verulegar skuldbindingar skulu hljóta umfjöllun og samþykki stúdentaráðs. Forseti og rekstrastjóri fara saman með prókúru félagsins.

14. Starfshópar

Framkvæmdastjórn er heimilt að skipa tímabundna starfshópa utan um málefni eða verkefni í samræmi við verklagsreglur.

IV. Kafli – Réttindaskrifstofa SHA

15. Réttindaskrifstofa

Réttindaskrifstofa Stúdentafélags Háskólans á Akureyri er þjónustu- og stuðningseining á vegum félagsins sem sinnir réttindamálum, ráðgjöf, fræðslu og upplýsingamiðlun til stúdenta við Háskólann á Akureyri.

Réttindaskrifstofa er starfrækt af framkvæmdastjórn SHA sem ber ábyrgð á móttöku, rekstri og daglegri starfsemi hennar. Framkvæmdastjórn skal tryggja að réttindaskrifstofan sé aðgengileg stúdentum með skilgreindum opnunartíma.

Hlutverk réttindaskrifstofu er að veita stúdentum aðgengilega, faglega og stúdentamiðaða ráðgjöf í málum sem varða réttindi þeirra, stöðu innan háskólans, námsaðstæður, stjórnáslu háskólans og önnur mál sem snerta velferð og rétt stúdenta. Réttindaskrifstofa skal jafnframt vera miðstöð fræðslu- og upplýsingamiðlunar um réttindi stúdenta og hlutverk SHA í hagsmunagæslu.

Réttindaskrifstofa sinnir ekki úrskurðarhlutverki heldur styður stúdenta við að skilja stöðu sína, úrræði og ferla og leiðbeinir þeim eftir því sem við á í samskiptum við stjórnáslu háskólans og aðra viðeigandi aðila.

Starf réttindaskrifstofu skal byggja á meginreglum um jafnræði, aðgengi, trúnað, fagmennsku og virðingu fyrir aðstæðum stúdenta. Réttindaskrifstofa skal vera aðgengileg öllum stúdentum óháð námsformi, búsetu, uppruna eða öðrum persónulegum þáttum.

V. Kafli – Aðalfundur

16. Aðalfundur

Aðalfundur fer með æðsta ákvörðunarvald í málefnum félagsins. Aðalfundur er helsti vettvangur samþykktabreytinga, reikningsskila og skipunar til embætta og trúnaðarstarfa.

17. Réttur félaga á aðalfundi

Allir félagar SHA hafa setu-, áheyrnar-, tillögu- og atkvæðisrétt á aðalfundi. Einfaldur meirihluti atkvæða félaga á fundi ræður úrslitum mála, nema þegar kosið er um breytingar á samþykktum en þá þarf 2/3 hluta atkvæða til að tillaga öðlist gildi. Falli atkvæði jafnt við kjör skal kosið aftur. Ef atkvæði dreifast jafnt í seinni kosningu ræður atkvæði fráfarandi forseta félagsins.

18. Boðun og lögmæti

Aðalfund skal halda eigi síðar en 31. mars ár hvert og skal framkvæmdastjórn SHA boða til hans með minnst 10 daga fyrirvara með auglýsingum á vef og öðrum miðlum. Í auglýsingum skal koma fram staður, stund og dagskrá fundarins, auk þess sem óskað skal eftir tillögum að breytingum á samþykktum félagsins og framboðum til trúnaðarstarfa.

Aðalfundur telst löglegur ef til hans er boðað samkvæmt samþykktum félagsins.

19. Dagskrá

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Forseti setur aðalfund og tilnefnir fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla framkvæmdastjórnar um störf félagsins á liðnu ári.
3. Skýrsla rekstrarstjóra og ársreikningur borinn upp til samþykktar.
4. Samþykktabreytingar.
5. Skýrsla kjörstjórnar um niðurstöður kosninga.
6. Framboð og kosningar í laus embætti og trúnaðarstörf.
7. Önnur mál.

20. Framboð á aðalfundi

Náist ekki að fullskipa í embætti fyrir aðalfund er heimilt að opna fyrir framboð á aðalfundi. Náist ekki að fullmanna embætti á fundinum ber framkvæmdastjórn ábyrgð á skipan þeirra sem skal staðfest á fundi stúdentaráðs.

21. Einstök mál

Stúdentaráð SHA hefur heimild til þess að bera upp einstök mál til atkvæðagreiðslu á aðalfundi og skulu þau þá auglýst sérstaklega fyrir fundinn.

Óski félagar SHA eftir því að mál sé tekið fyrir til ályktunar skal það berast skriflega til framkvæmdastjórnar minnst tveimur sólarhringum fyrir auglýstan tíma aðalfundar og skal auglýsa það á vefsíðu félagsins minnst einum sólarhring fyrir auglýstan tíma aðalfundar.

22. Samþykktabreytingar

Heimilt er að breyta samþykktum félagsins á aðalfundi.

Tillögum að samþykktabreytingum skal skrifað skriflega til framkvæmdastjórnar minnst tveimur sólarhringum fyrir auglýstan tíma aðalfundar og skal auglýsa þær á vefsíðu félagsins minnst einum sólarhring fyrir auglýstan tíma aðalfundar.

Liggi fyrir tillögur að samþykktabreytingum skal félagsfólki á aðalfundi gefinn kostur á að bera upp athugasemdir og tillögur að breytingum.

VI. Kafli – Kosningar til trúnaðarstarfa

23. Kosningaréttur og kjörgengi

Kosningarétt og kjörgengi til kjörinna trúnaðarstarfa hafa allir fullgildir meðlimir félagsins.

24. Kjörstjórn

Fyrir boðun aðalfundar skal skipuð kjörstjórn. Kjörstjórn er skipuð formanni og að minnsta kosti tveimur fulltrúum, tilnefndum af stúdentaráði. Formaður kjörstjórnar hefur umsjón með netfangi kjörstjórnar.

25. Kosningar

Kosningar til embættis- og trúnaðarstarfa á vegum SHA eru framkvæmdar rafrænt í gegnum Uglu og skulu fara fram með leynilegum hætti fyrir aðalfund. Kjörstjórn sér um að útbúa rafræna atkvæðagreiðslu í Uglu í samstarfi við Kennslumiðstöð Háskólans á Akureyri.

Kosnir skulu fulltrúar í eftirfarandi embætti og trúnaðarstörf:

- a. Framkvæmdastjórn SHA, þ.e. forseta, hagsmunafulltrúa, rekstrarstjóra, viðburðastjóra og alþjóðafulltrúa til eins árs og samskiptafulltrúa annað hvert ár, á oddaári, til tveggja ára.
- b. Skoðunarmann reikninga SHA til eins árs.
- c. Gæðafulltrúa SHA sem skal sitja í stúdentaráði í eitt ár og gæðaráði Háskólans á Akureyri í tvö ár. Einnig skal kjósa tvo varafulltrúa í gæðaráð til eins árs.
- d. Jafnréttisfulltrúa SHA sem skal sitja í stúdentaráði í eitt ár og jafnréttisráði Háskólans á Akureyri í tvö ár. Einnig skal kjósa tvo varafulltrúa í jafnréttisráð til eins árs.
- e. Umhverfisfulltrúa SHA sem skal sitja í stúdentaráði í eitt ár og umhverfisráði Háskólans á Akureyri í tvö ár. Einnig skal kjósa tvo varafulltrúa í umhverfisráð til eins árs.
- f. Sjö fulltrúar á háskólafund Háskólans á Akureyri til eins árs og sjö til vara.
- g. Einn fulltrúi alþjóðanema í alþjóðanefnd SHA og einn til vara.

Kosið skal í embætti framkvæmdastjórnar í sérstakri kosningu. Berist aðeins eitt framboð í eitthvert embætti framkvæmdastjórnar þarf viðkomandi frambjóðandi að hljóta í það minnsta 50% atkvæða en takist honum það ekki þá skal opna fyrir framboð á aðalfundi.

Í öðrum kosningum skal kosið í önnur embætti og trúnaðarstörf SHA. Berist aðeins eitt framboð í stöðu telst sá frambjóðandi sjálfkjörinn.

Kosningar skulu standa í minnst einn sólarhring og lýkur þeim klukkustund fyrir auglýst upphaf aðalfundar.

Falli atkvæði jafnt við kjör skal kosið aftur á aðalfundi og ræður þá meirihluti atkvæða fundarfólks.

26. Framboðsyfirlýsingar

Framboðsyfirlýsingar skulu berast kjörstjórn á auglýstan máta en framboðsfrestur til embætta og trúnaðarstarfa rennur út þremur sólarhringum fyrir auglýstan tíma aðalfundar.

Kjörstjórn skal sjá til þess að framboðsyfirlýsingar séu birtar á vefsíðu og öðrum miðlum félagsins innan sólarhrings frá því að framboðsfrestur rennur út.

Ætli frambjóðendur að notast við kosningaáróður í kosningabaráttu um embætti innan SHA skal sá kosningaáróður eigi innihalda neitt lítillækkandi eða niðurlægjandi í garð mótframbjóðenda. Komi það fyrir að kosningaáróður innihaldi lítillækkandi eða niðurlægjandi ummæli um aðra frambjóðendur hefur kjörstjórn vald til að meta hvort þurfi að ógilda framboð viðkomandi aðila.

VII. Kafli – Félagssfundir

27. Boðun og dagskrá félagsfunda

Stúdentaráði er heimilt að boða til almenns félagsfundar og skal það gert með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara. Stúdentaráð hefur heimild til að bera upp einstök mál til umræðu, samþykktar eða synjunar á félagsfundi.

Óski minnst 2% félaga, 1/3 stúdentaráðs eða helmingur aðildarfélaga skriflega eftir félagsfundi skal hann haldinn innan tveggja vikna frá því að ósk berst. Boða skal til fundarins samkvæmt samþykktum og auglýsa eftir málum til umræðu, samþykktar eða synjunar.

28. Samþykktabreytingafundur

Stúdentaráð getur boðað til sérstaks félagsfundar um samþykktabreytingar, hér eftir nefndur samþykktabreytingafundur, ef brýna nauðsyn ber til. Fundarboð skal fara fram á sama hátt og fundarboð aðalfundar.

Tillögum að samþykktabreytingum skal skilað til framkvæmdastjórnar minnst tveimur sólarhringum fyrir upphaf samþykktabreytingafundar. Á samþykktabreytingafundi er einungis heimilt að bera upp tillögur að samþykktabreytingum.

Samþykktabreytingar sem bornar eru upp á samþykktabreytingafundi öðlast aðeins gildi með samþykki minnst 2/3 hluta fundarmanna.

29. Kosningar utan aðalfunda

Stúdentaráði er heimilt að boða til kosninga á félagsfundi sé það svo að embætti í framkvæmdastjórn verði laust milli aðalfunda. Fundarboð skal þá fara fram á sama hátt og fundarboð aðalfundar en kjör, á ábyrgð stúdentaráðs, skal fara fram á fundinum sjálfum.

VIII. Kafi – Aðildarfélög

30. Hlutverk og skyldur aðildarfélaga

Aðildarfélög SHA eru félög stúdenta við einstakar deildir háskólans. Þau skulu eiga aðild að SHA en starfa sjálfstætt á grundvelli eigin samþykta, kjósa sér stjórn og fulltrúa og halda úti sjálfstæðri fjársýslu. Hlutverk þeirra er að sinna hagsmunagæslu og félagsmálum stúdenta við afmarkaðar deildir og stuðla að virkri þátttöku stúdenta í háskólasamfélaginu.

Aðildarfélögum ber að starfa í samræmi við stefnu og samþykktir SHA. Stangist ákvæði í samþykktum aðildarfélaga á við ákvæði í samþykktum SHA skal fara eftir samþykktum SHA.

Aðild félags er á forræði stúdentaráðs sem fer með heimild til að setja aðild skilyrði og afturkalla hana ef starfsemi aðildarféлага samræmist ekki stefnu eða samþykktum SHA.

Stjórn aðildarfélags skal kosin á aðalfundi hvers félags. Aðildarfélög skulu halda aðalfund árlega, í það minnsta sjö dögum fyrir aðalfund SHA.

31. Fulltrúar aðildarféлага

Aðildarfélög eiga fulltrúa í stúdentaráði SHA.

Aðildarfélög bera ábyrgð á skipan fulltrúa stúdenta á deildarfundum, fræðasviðsfundum, í náms- og matsnefndir deilda, stjórnir fræðasviða og deildarráð eins og við á. Eins skulu aðildarfélög skipa fulltrúa í fastanefndir SHA.

32. Skráning í aðildarfélag

Félagsfólk SHA getur skráð sig í aðildarfélag samkvæmt samþykktum hvers félags. Félagar geta aðeins verið skráðir í eitt aðildarfélag í einu en heimilt er að skrá sig úr félagi hvenær sem er með sannanlegri tilkynningu til framkvæmdastjórnar SHA.

Skráning í aðildarfélög er gjaldfrjálst til klukkan 23:59 þann 15. september á hverju haustmisseri og ber félögum að skrá sig árlega. Óski félagi eftir því að skrá sig í aðildarfélag að þeim tíma liðnum skal hann greiða félagsgjald, ákvarðað af stúdentaráði ár hvert.

Með skráningu í aðildarfélag öðlast félagsfólk aðgang að snjallforriti SHA sem hefur að geyma rafrænt stúdentakort félagsins.

33. Fjárhagur og skjöl aðildarféлага

Stúdentaráði er heimilt að veita aðildarfélögum fjárframlög. Skilyrði fyrir veitingu framlaga er að viðkomandi félag hafi virka stjórn og sinni sannanlega hlutverki sínu gagnvart félögum sínum, sem og að félagið hafi lagt fram ítarlega fjárhagsáætlun til stúdentaráðs og að bókhald þess sé opið rekstrarstjóra SHA til skoðunar.

Aðildarfélögum SHA ber að skila fundargerðum aðalfunda, samþykktum, fjárhagsáætlunum og ársreikningum, auk allra samstarfssamninga sem félagið kann að gera inn á lokað Teams-svæði stúdentaráðs.

34. Ágreiningsmál

Komi upp sú staða innan aðildarfélags að alvarlegur ágreiningur eða trúnaðarrestur myndist innan stjórnar getur stjórnarmeðlimur þess sama aðildarfélags sent erindi um ágreiningsmál til framkvæmdastjórnar. Framkvæmdastjórn skal þá senda fulltrúa á fund stjórnar aðildarfélagsins til þess að kanna ástæðu erindisins, miðla málum eftir aðstæðum eða ákveða hvort erindinu skuli vísað til stúdentaráðs. Að sama skapi getur meirihluti stjórnar aðildarfélags farið fram á að erindinu sé vísað beint til stúdentaráðs. Stúdentaráð hefur þá heimild til þess að úrskurða í málinu og telst sá úrskurður bindandi fyrir viðkomandi aðildarfélag.

Telji stúdentaráð SHA, í kjölfar tilvísunar erindis um ágreiningsmál, að ágreiningur eða trúnaðarrestur hafi svo hamlandi áhrif á starfsemi aðildarfélags að það geti ekki með góðu móti sinnt tilgangi sínum eða skyldum hefur ráðið heimild til þess að úrskurða sem svo að leysa skuli stjórn aðildarfélags frá störfum og stjórnarkosningar boðaðar í viðkomandi aðildarfélagi. Skal félagsfundur í aðildarfélagi þá boðaður af framkvæmdastjórn SHA með sömu fyrirvörum og fyrir félagsfund SHA og þar boðað til framboða og kosninga.

IX. Kafli – Nefndir Stúdentafélags Háskólans á Akureyri

35. Fastanefndir

SHA starfrækir fastanefndir sem sinna afmörkuðum en varanlegum þáttum í starfsemi félagsins. Fastanefndir eru hluti af skipulagi SHA í umboði stúdentaráðs og framkvæmdastjórnar.

Fastanefndir SHA eru þrjár:

- a. Viðburðanefnd

- b. Alþjóðanefnd
- c. Kynninganefnd

Fastanefndir skulu starfa samkvæmt samþykktum, stefnu og ákvörðunum stúdentaráðs sem jafnframt setur fastanefndum verklagsreglur.

Hlutverk fastanefnda er að:

- sinna skilgreindu málefna sviði innan starfsemi SHA,
- undirbúa, skipuleggja og framkvæma verkefni á sínu sviði,
- stuðla að virkri þátttöku stúdenta í starfi félagsins.

Hver fastanefnd skal hafa formann úr röðum framkvæmdastjórnar sem ber ábyrgð á starfi nefndarinnar, boðun funda og samskiptum við framkvæmdastjórn.

Fastanefndir skulu starfa á gagnsæjan og ábyrgðarfullan hátt og skila reglulega skýrslu um starf sitt til framkvæmdastjórnar eða stúdentaráðs eftir því sem við á.

Stúdentaráði er heimilt að veita framlag til fastanefnda. Forsenda fjárveitinga eru starfsáætlanir fastanefnda sem samþykktar eru af stúdentaráði.

36. Viðburðanefnd

Viðburðanefnd sinnir skipulagningu, framkvæmd og þróun félags-, menningar- og viðburðastarfs SHA.

Hvert aðildarfélag skal skipa a.m.k. einn fulltrúa í viðburðanefnd SHA.

Viðburðanefnd starfar undir forystu Viðburðastjóra SHA sem er jafnframt formaður nefndarinnar og ber ábyrgð á að leggja starfs- og fjárhagsáætlun nefndarinnar fram fyrir stúdentaráð eigi síðar en á öðrum fundi ráðsins.

37. Alþjóðanefnd

Alþjóðanefnd sinnir málefnum alþjóðlegra stúdenta, skiptinema og alþjóðlegs samstarfs SHA.

Hvert aðildarfélag skal skipa einn fulltrúa í alþjóðanefnd SHA en auk þeirra skal einn fulltrúi alþjóðlegra stúdenta kjörinn í nefndina á aðalfundi og annar skipaður af stúdentaráði við upphaf haustmisseris.

Nefndin starfar undir forystu Alþjóðafulltrúa SHA sem er jafnframt formaður nefndarinnar og ber ábyrgð á að leggja starfs- og fjárhagsáætlun nefndarinnar fram fyrir stúdentaráð eigi síðar en á öðrum fundi ráðsins.

38. Kynninganefnd

Kynninganefnd sinnir kynningar- og upplýsingamálum SHA, þar með talið miðlun upplýsinga til stúdenta ásamt kynningarstarfi félagsins og Háskólans á Akureyri í samstarfi við starfsfólk markaðs- og kynningarmála við háskólann.

Hvert aðildarfélag skal skipa einn fulltrúa í kynninganefnd fyrir hverja deild innan háskólans sem það er í málsvari fyrir.

Kynninganefnd starfar undir forystu framkvæmdastjórnar sem ber ábyrgð á að skipa formann nefndarinnar sem ber ábyrgð á að leggja starfs- og fjárhagsáætlun nefndarinnar fram fyrir stúdentaráð eigi síðar en á öðrum fundi ráðsins.

39. Tímabundnar nefndir

Stúdentaráði er heimilt að stofna til tímabundinna nefnda til að sinna afmörkuðum verkefnum eða málefnum sem ekki falla beint undir starf fastanefnda.

Tímabundnar nefndir skulu:

- hafa skýrt skilgreint hlutverk og starfssvið.
- starfa í umboði stúdentaráðs.
- að jafnaði starfa fram að næsta aðalfundi nema annað sé sérstaklega ákveðið af stúdentaráði.

Stúdentaráð ákveður skipan, verksvið og gildistíma tímabundinna nefnda og tryggir að starf þeirra sé í samræmi við samþykktir og stefnu SHA.

40. Fjárhagur nefnda

Stúdentaráði er heimilt að veita nefndum SHA fjárframlög.

Forsenda fjárveitinga til nefnda eru starfs- og fjárhagsáætlanir þeirra sem samþykktar hafa verið af stúdentaráði. Ráðstöfun fjármuna nefnda skal framkvæmd í samvinnu við rekstrarstjóra SHA og vera í samræmi við samþykktar fjárhagsáætlanir félagsins.

X. Kafli – Ýmis ákvæði

41. Slit félagsins

Ákvörðun um slit Stúdentafélags Háskólans á Akureyri skal tekin á lögsmætum aðalfundi með samþykki minnst 2/3 hluta fundarmanna.

Við slit félagsins skulu allar eignir þess, að uppfylltum skuldbindingum, renna til Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS) til varðveislu til fimm ára og að þeim tíma loknum til eignar, nema ef heildarsamtök stúdenta við Háskólann á Akureyri eru endurreist eða stofnuð að nýju innan varðveislutíma, en þá skulu eignir renna til þeirra samtaka.

Samþykktir þessar tóku gildi á aðalfundi SHA 16.03.2026